

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 6. nóvember 2017 í máli nr. E-141/2017:

Haukur Sigurbjörn Magnússon

(Vilhjálmur Hans Vilhjálmsson hrl.)

gegn

Áslaugu Karen Jóhannsdóttur

(Sigrún Ingibjörg Gísladóttir hdl.)

I

Mál þetta, sem var dómtekið 9. október sl., er höfðað 12. janúar 2017 af Hauki S. Magnússyni, Skarphéðingsgötu 18 í Reykjavík, gegn Áslaugu Karen Jóhannsdóttur, Kristnibraut 6 í Reykjavík.

Í upphafi stefnu gerir stefnandi grein fyrir því að hann höfði málið til greiðslu miskabóta og ómerkingar á ærumeiðandi ummælum, sem hafi birst í Stundinni 18. febrúar til 2. mars 2016, sem stefnda beri ábyrgð á. Í dómkröfukafla stefnunnar eru gerðar eftirfarandi dómkröfur:

1. Þess er krafist að eftirfarandi ummæli verði dæmd dauð og ómerk:

A. Í öðru þeirra lýsir fyrirverandi samstarfskona Hauks ... alvarlegu atviki. Hún tekur einnig fram að hún hafi verið ofurölvi þegar atvikið átti sér stað. „Í grundvallaratriðum hélt hann áfram að snerta mig og hunsaði mig þegar ég sagði honum að þetta ætti ekki að gerast og að mér liði illa. Hann hlustaði ekki á mig.“

2. Þess er krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda miskabætur að fjárhæð 2.000.000 króna með dráttarvöxtum frá 22. mars 2016 til greiðsludags, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001.

3. Þess er krafist að forsendur og niðurstaða dóms í málinu verði birt í Stundinni eigi síðar en 15 dögum eftir dómsuppsögu.

4. Þess er krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað samkvæmt síðar framlögðu málskostnaðaryfirliti. Krafist er 24% virðisaukaskatts ofan á dæmdan málskostnað.

Af hálfu stefndu er þess krafist að hún verði sýknuð af öllum kröfum stefnanda. Þá krefst hún málskostnaðar úr hendi stefnanda hvernig sem úrslit

málsins verði auk virðisaukaskatts.

II

Stefnandi var ritstjóri blaðsins The Reykjavík Grapevine sem er gefið út á ensku hér á landi. Samkvæmt því sem fram hefur komið fyrir dómi hafði hann í hyggja að láta af starfinu í mars 2016. Hann kveðst hafa flýtt starfslokum sínum eftir að hafa átt fund með stjórnarformanni útgáfufélags blaðsins, Jóni Trausta Sigurðarsyni, í janúar 2016. Þar var stefnanda gerð grein fyrir því að borist hefðu skriflegar ásakanir frá starfsmönnum blaðsins um áreitni af hans hálfu. Í leiðara sem stefnandi skrifaði í blaðið í byrjun febrúar 2016 viku hann að brotthvarfi sínu og tekur þá fram að sér hafi að lokum, eftir nokkrar tilraunir, tekist að segja upp starfi sínu á blaðinu.

Stefnda starfar sem blaðamaður á Stundinni sem Útgáfufélagið Stundin ehf. gefur út. Blaðið kemur út í blaðaformi einu sinni í viku en fjölmiðillinn heldur einnig úti vefsíðu.

Í Stundinni 18. febrúar 2016 birtist frétt með fyrirsögninni „Ritstjóri Grapevine hættir eftir bréf kvenkyns lærlinga til útgefanda“. Í undirfyrirsögn segir orðrétt: „Þrír fyrrverandi lærlingar hjá fríblaðinu Reykjavík Grapevine sendu útgefanda blaðsins bréf þar sem þeir sögðu ritstjórnann hafa áreitt þær kynferðislega. Hann hefur nú látið af störfum.“ Stefnanda er skráð höfundur fréttarinnar.

Í fréttinni er rakið að konurnar þrjár hafi sakað stefnanda um kynferðislega áreitni í bréfi til eigenda Reykjavík Grapevine. Haft er eftir Jóni Trausta Sigurðarsyni að hann geti ekki tjáð sig um málefni einstakra starfsmann en að hann hafi staðfest að stefnandi starfaði ekki lengur hjá fyrirtækinu. Þá segir í fréttinni að Stundin hafi haft samband við stefnanda og borið undir hann efnisatriði bréfanna. Þar eru eftirfarandi ummæli höfð eftir honum: „Ég vísa þessum ásökunum öllum eindregið á bug, enda eiga þær sér enga stoð í raunveruleikanum.“ Fram kemur að hann hafi að öðru leyti ekki viljað tjá sig um starfslok sín hjá Grapevine.

Þess er getið í fréttinni að Stundin hafi tvö þessara bréfa undir höndum. Bréfin séu á ensku og er tekið fram að stuðst sé við þýðingar þeirra. Þá segir þar að konurnar hafi óskað eftir nafnleynd og því sé notast við dulnefni. Samhengisins

vegna þykir rétt að birta þann hluta fréttarinnar orðrétt sem ummælin, sem stefnandi krefst ómerkingar á, komu fram í, og að þau ummæli sem kröfurnar lúta að séu auðkennd með skáletri:

Í öðru þeirra lýsir fyrrverandi samstarfsskona Hauks, sem hér eftir verður kölluð Emma, alvarlegu atviki. Hún tekur einnig fram að hún hafi verið ofurölvi þegar atvikið átti sér stað. „Í grundvallaratriðum hélt hann áfram að snerta mig og hunsaði mig þegar ég sagði honum að þetta ætti ekki að gerast og að mér liði illa. Hann hlustaði ekki á mig,“ segir meðal annars í bréfinu.

Emma segist í samtali við Stundina hafa farið í afneitun og ekki sagt neinum frá atvikinu í marga mánuði. Þegar hún hafi áttað sig á því að um óeðlileg samskipti hafi verið að ræða hafi verið orðið of seint að kæra, að hennar mati. Nokkrum mánuðum síðar ákvað Emma hins vegar að leita til Stígamóta og hefur Stundin undir höndum staðfestingu þess efnis. Stundin hefur einnig undir höndum skilaboð sem Haukur sendi Emmu á þessum tíma, sem eru kynferðislegs eðlis og Emma upplifði sem afar óþægileg. Að gefnu tilefni er ekki greint frá nákvæmu innihaldi skilaboðanna.

Í fréttinni er einnig haft eftir „Emmu“ að málið hafi lagst þungt á hana og hún glímt við algengar tilfinningar á borð við skömm og sektarkennd. Þar er einnig vikið að ummælum annarrar konu, sem sent hafði annað bréf til útgáfufélagsins, þar sem hún lýsir áreitni og kynferðislegum athugasemdum stefnanda í hennar garð. Hafi henni þótt þessi framkoma óþægileg og óviðeigandi en tekist að leiða það hjá sér. Í fréttinni er haft eftir konunum að þær hafi almennt notið tímans á Grapevine og þakki eigendum og starfsmönnum dýrmæta reynslu sem þær hafi öðlast. Hins vegar velti þær því fyrir sér „hversu margar konur hafi þurft að þola kynferðislega áreitni á vinnustaðnum, en ekki þorað að segja neinum frá því“. Þá kemur fram í greininni að bréfin hafi verið send um miðjan janúar 2016 og að stefnandi hafi látið af störfum strax í kjölfarið. Hann hafi hins vegar fengið að mæta undir eftirliti á skrifstofuna í nokkur skipti og skila af sér efni sem hann hafi verið með í vinnslu, þar á meðal leiðara síðasta tölublaðs. Í honum hafi stefnandi vikið að brotthvarfi sínu frá Reykjavík Grapevine. Hafi sú lýsing farið fyrir brjóstið á konunum sem Stundin hafi rætt við. Þar er haft eftir „Emmu“:

„Mér fannst þetta vera eins og blaut tuska í andlitið“, segir Emma. „Þeir leyfa honum að láta eins og hann sé að hætta að eigin frumkvæði og þar með stroka út allt það sem hann hefur gert. En ég held samt að eigendur

hafi reynt að gera sitt besta í ómögulegri stöðu, því við óskuðum eftir því að njóta nafnleyndar.“

Greinin birtist bæði í prentaðri útgáfu Stundarinnar, sem fór í dreifingu að morgni 18. febrúar 2016, sem og í vefútgáfu blaðsins sama dag kl. 12.11. Snemma morguns þennan sama dag birti stefnandi færslu á facebook þar sem vinir og vandamenn voru varaðir við því að grein, þar sem hann væri „sakaður um allskyns níðingsverk og viðbjóð“, yrði birt um daginn. Lagði hann áherslu á að samviska hans væri „100% hrein“ og að hann væri „með öllu saklaus“.

Lögmaður stefnanda ritaði stefndu bréf 22. febrúar 2016. Þar er stefnda sökuð um ærumeiðandi aðdróttun með ofangreindum ummælum sem varði við 235. gr. almennra hegningarlaga. Þar hafi stefnanda verið gefið að sök alvarlegt kynferðisbrot sem hafi aldrei átt sér stað. Ummælin feli í sér ásökun um refsiverða háttsemi og séu til þess fallin að meiða æru stefnanda. Farið var fram á að stefnda bæðist afsökunar á ummælunum, dragi þau til baka og viðurkenndi að þau væru röng. Skyldi afsökunarbeiðnin birt á áberandi stað í næsta tölublaði Stundarinnar. Þá var stefnda krafín um greiðslu einnar milljónar króna í miskabætur.

Í stefnu kemur fram að stefnda hafi neitað að draga ummælin til baka og biðjast afsökunar. Mál þetta var því næst höfðað 12. janúar 2017 eins og fram hefur komið.

III

1. Málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi kveður stefndu bera refsí- og fébótaábyrgð á hinum umstefndu ummælum á grundvelli 1. málslíðar a-liðar 1. mgr. 51. gr. laga nr. 38/2011, um fjölmiðla, en meintir viðmælendur stefnda hafi komið fram undir dulnefni í frétt stefnda um stefnanda.

Stefnandi byggir á því að í frétt Stundarinnar sé stefnanda gefín að sök háttsemi sem varði við XXII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 um kynferðisbrot. Annars vegar brot sem falli að verknaðarlýsingu 1. og/eða 2. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga og hins vegar brot sem varði við 199. gr. sömu laga. Stefnandi byggir á því að í hinum umstefndu ummælum felist ásökun um að

hann hafi gerst sekur um alvarleg kynferðisbrot sem aldrei hafi átt sér stað. Ummælin feli í sér ásökun um refsiverða háttsemi og séu til þess fallin að meiða æru stefnanda.

Í ummælunum sé stefnanda nánar tiltekið gefin að sök háttsemi sem falli að verknaðarlýsingu 1. og/eða 2. mgr. 194. gr. alm. hgl. sem nauðgun. Stefnda hafi ummælin eftir nafnlausum heimildarmanni sem hún kjósi að kalla Emmu. Brotið sem stefnda ásakar stefnanda um að hafa framið sé svívirðilegt að álitum alls almennings og varði allt að 16 ára fangelsi ef sök er sönnuð.

Stefnandi tekur fram að hér sé um grafalvarlegar ásakanir að ræða sem settar séu fram án þess að stefnandi hafi verið kærður til lögreglu hvað þá að hann hafi verið ákærður eða dæmdur fyrir brotið. Það skipti að því er virðist stefndu engu máli, en hún hafi birti ummælin gagnrýnislaust og þrátt fyrir að stefnandi hafi þvertekið fyrir það að nokkuð þessu líkt hafi gerst. Byggi hún ummælin á framburði eins heimildarmanns sem komi fram undir dulnefni. Slík vinnubrögð í blaðamennsku dæmi sig sjálf að mati stefnanda.

Stefnandi telur ummæli stefndu vera ærumeiðandi aðdróttanir og fela í sér brot gegn 235. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Því beri að ómerkja ummælin með vísan til 1. mgr. 241. gr. sömu laga. Hin umstefndu ummæli séu ósönn, óviðurkvæmileg, tilhæfulaus og smekklaus og til þess fallin að sverta stefnanda. Hagsmunir stefnanda af því að fá ummælin dæmd dauð og ómerk séu því miklir. Verði ekki fallist á að ummælin feli í sér ærumeiðandi aðdróttun er til vara byggt á því að þau feli í sér ærumeiðandi móðgun og þar með brot gegn 234. gr., sbr. 1. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Til stuðnings miskabótakröfu stefnanda vísar hann til þess að stefnda hafi vegið með alvarlegum hætti að æru stefnanda. Með því hafi stefnda framið ólögmeta meingerð gegn stefnanda sem hún beri skaðabótaábyrgð á enda um ærumeiðandi aðdróttanir að ræða sem bæði séu rangar og bornar út og birtar opinberlega. Fjárhæð miskabótakröfu stefnanda taki mið af alvarleika aðdróttana stefnda. Miskabótakrafa stefnanda sé því hófleg.

Þá sé ljóst að virðing stefnanda hafi beðið hnekki, sem og æra hans og persóna. Réttur stefnanda til æruverndar njóti verndar 71. gr. stjórnarskrár, 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu og XXV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Krafa stefnanda um miskabætur sé reist á 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, enda um að ræða skýr og ótvíræð brot á réttareglum, sem ætlað sé að vernda æru stefnanda, s.s. 235. gr. eða 234. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Öll

skilyrði séu því uppfyllt til þess að dæma stefnanda miskabætur úr hendi stefndu.

Um lagastoð birtingarkröfunnar vísar stefnandi til 59. gr. laga nr. 38/2011, um fjölmiðla. Með vísan til skýrrar lagareglu og dómvenju sé ekki nauðsynlegt að stefna útgáfufélagi Stundarinnar til þess að fá kröfuna tekna til greina.

Hvað varðar tjáningarfrelsi stefndu vísar stefnandi til 2. og 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar, en það falli utan marka stjórnarskrárvarins tjáningarfrelsis þegar brotið sé gegn réttindum eða mannorði annarra manna. Í ljósi alls þess sem stefnandi hafi rakið telur hann ljóst að réttur stefnanda til æruverndar gangi framur tjáningarfrelsi stefndu eins og hér hátti til og því beri að taka dómkröfur stefnanda til greina og ómerkja ummælin og dæma stefnda til refsingar og greiðslu miskabóta.

Stefnandi kveður dráttarvaxtakröfu sína reista á 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, sbr. 9. gr. sömu laga, þar sem segir að skaðabótakröfur beri dráttarvexti þegar liðinn er mánuður frá þeim degi þegar kröfuhafi lagði fram upplýsingar til að meta tjón og fjárhæð bóta. Í því tilviki sem hér um ræði sé miðað við kröfubréf stefnanda til stefndu 22. febrúar 2016. Því sé krafist dráttarvaxta frá 22. mars 2016 til greiðsludags.

Til stuðnings málskostnaðarkröfu sinni vísar stefnandi til 130. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála. Stefnandi krefst þess að dæmdur málskostnaður beri 24% virðisaukaskatt.

2. Málsástæður og lagarök stefndu

Stefnda byggir á því að ummælin, sem krafist er ómerkingar á, séu vernduð af tjáningarfrelsisákvæði stjórnarskrár, sbr. 73. gr. stjórnarskrár og 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu (MSE). Engar þær kringumstæður séu til staðar í máli þessu sem réttlæti takmarkanir á tjáningarfrelsi stefndu. Ákvæði 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrár eigi ekki við, enda sé málsgreinin túlkuð þröngt.

Stefnda byggir á því að það beri að skoða ummælin í samhengi í margþættum skilningi. Í fyrsta lagi þurfi að meta ummælin í samhengi við þá heildarumfjöllun sem ummælin séu liður í. Í öðru lagi þurfi að meta ummælin í samhengi við facebook-pistil stefnanda sjálfs, sem hafi birst áður en Stundin hafi verið borin í hús, enda skoðist ummælin m.a. sem andsvör við þeim pistli. Í þriðja lagi þurfi að

meta ummælin í samhengi við umfjöllun annarra fjölmiðla af sama máli. Í fjórða lagi verði að meta ummælin í samhengi við almenna og áralanga umfjöllun í þjóðfélaginu um málefni sem lúta að óviðurkvæmilegri kynferðislegri framkomu. Stefnanda lítur svo á að ummælin og það samhengi sem þau voru sett fram í, sé umræða um almannahagsmuni og þjóðfélagsleg málefni og njóti sérstakrar verndar sem slík. Vísar hún í því sambandi til dómfordæma Mannréttindadómstóls Evrópu og Hæstaréttar Íslands, t.d. HRD 321/2008. Engin ummæli í meidyrðamálum verði metin án viðtækara samhengis. Þrátt fyrir það leggi stefnandi ekki fram þá almennu umræðu sem ummælin hafi verið liður í, sbr. t.d. facebook-pistil stefnanda, en stefnda kveður marga hafa þar lagt orð í belg.

Um tilgang og tilefni ummællanna vísar stefnda til þess að það sé fréttæmt þegar ritstjóri fjölmiðils láti af störfum í kjölfar frásagna lærlinga á sama fjölmiðli um að hann hafi áreitt þær kynferðislega. Málið varði þjóðfélagsmálefni sem ávallt eigi erindi til almennings, þ.e. frásagnir af ásökunum um kynferðislega ámælisverða hegðun einstaklinga, einkum gagnvart lægra settum starfsmönnum, í þessu tilviki ólaunuðum lærlingum. Ekki verði fram hjá því litið að á undanförunum árum hafi mikil vitundarvakning orðið um nauðsyn slíkrar umfjöllunar á opinberum vettvangi. Stefnanda telur að brotthvarf stefnanda úr ritstjórstóli hjá Grapevine hafi verið afleiðing af þeim ásökunum sem sagt sé frá í umræddri frétt.

Stefnda telur að ummælin brjóti í engu gegn ætluðum réttindum stefnanda. Stefnanda hafi hvorki meitt æru stefnanda né greint frá nokkru því sem leynt skyldi fara, enda hafi umrætt mál verið á almannavitorði, a.m.k. frá því að stefnandi hafi sjálfur sagt frá því í facebook-færslu aðfararnótt 18. febrúar 2016, áður en umrædd umfjöllun Stundarinnar um málið hafi birst á vefsíðu blaðsins.

Stefnda vísar til þess að stefnandi byggi ekki á því í stefnu að ummælin varði viðkvæm einkalífsmálefni hans sem rétt sé að leynt fari, enda hafi hann sjálfur tjáð sig opinberlega um málið, m.a. með títtnefndum facebook-pistli. Þá hafi stefnda gætt þess að ganga hvergi lengra en nauðsyn hafi borið til í frásögn af málefni sem erindi hafi átt til almennings. Hvergi í greininni sé að finna fullyrðingu um annað en að um sé að ræða frásögn lærlinganna af samskiptum þeirra við stefnanda. Mótmæli hans beinist ekki að því að tegund umfjöllunarinnar lúti friðhelgi, heldur alfarið að því að háttsemin, sem lærlingarnir hafi gefið honum að sök, hafi ekki átt sér stað. Af þessu tilefni minnir stefnda á að í umfjölluninni sé greint frá frásögn lærlinganna en ekki fullyrt um efni þeirrar frásagnar. Sjálfur hafi stefnandi fjallað um að slíkar ásakanir hafi komið fram, þ.m.t. á facebook.

Stefnda byggir á því að ummælin eigi erindi til almennings. Þau varði mann sem láti af ábyrgðarstöðu sem ritstjóri á fjölmiðli eftir að undirsátar hans, ólaunaðir lærlingar, hafi sent bréf til útgefanda og eigenda fjölmiðilsins og tilkynnt honum um samskipti sín við stefnanda og háttsemi hans gagnvart þeim, sem þær hafi talið vera kynferðislega áreitni, ámælisverða og óviðeigandi. Um það snúist efni fréttarinnar enda teljist það fréttuæmt þegar ritstjóri fjölmiðils láti af störfum í kjölfar slíkrar tilkynningar starfsmanna hans. Aðrir fjölmiðlar hafi einnig metið það svo að málefnið eigi erindi til almennings, og vísar þar til tveggja fréttu sem hafi birst á dv.is. Sama ályktun um fréttuæmi málsins verði dregin af umfjöllun almennings um málið og af athugasemdum við fréttir fjölmiðla.

Stefnda leggur áherslu á að í fréttinni sé engin afstaða tekin til lýsingar lærlinganna á háttsemi stefnanda heldur sé aðeins greint frá frásögn þeirra og að þær teldu háttsemina kynferðislega áreitni, óviðeigandi og óþægilega. Þar með sé verið að greina frá m.a. staðhæfingum og gildisdómum annarra um stefnanda. Óheimilt sé að setja slíkri umfjöllun skorður með því að takmarka tjáningarfrelsi stefndu. Að auki sé ályktun um ásetning annarra ávallt gildisdómur, sbr. MDE 64520/10, og þar með óheimilt að banna slíka tjáningu.

Stefnda byggir á því að hún beri enga sönnunarbyrði um sannleiksgildi frásagnar lærlinganna, enda sé ekki tekin afstaða til efnis eða sannleiksgildis frásagnarinnar í fréttinni. Um þetta vísar stefnda m.a. til MDE 13778/88, MDE 42864/05 og HRD 272/2000. Stefnandi byggir ekki á því að það sé ósatt að lærlingar á Grapevine hafi sent slíkt bréf til útgefandans og að það hafi valdið brotthvarfi hans úr ritstjórarstarfinu. Ummælin eigi sér næga stöð í staðreyndum enda mótmæli stefnandi því t.a.m. ekki að brotthvarf hans úr ritstjórarstöli hafi verið vegna máls þessa.

Stefnda byggir á því að endursögn á frásögn lærlinganna sé heimil m.a. með vísan til vísireglna og dómafordæma um að heimilt sé að birta umfjöllun um orðróm án þess að viðkomandi beri neina sönnunarbyrði fyrir sannleiksgildi orðrómsins, sbr. m.a. HRD 103/2014, MDE 13778/88, MDE 19983/92 og MDE 42864/05. Í framsetningu fréttarinnar felist nægur fyrirvari um orðróminn, enda sé þar hvergi tekin afstaða til sannleiksgildis hans í umræddri frétt.

Stefnda telur að taka beri tillit til þess að umfjöllunin lúti að málefni sem mikilvægt sé og nauðsynlegt í lýðræðisþjóðfélagi að unnt sé að fjalla um. Umfjöllunarefnið lúti að stöðu ungra kvenna gagnvart yfirboðara sínum sem komi

fram við þær, að þeirra sögn, á afar ámælisverðan hátt. Það að ritstjórinn hafi látið af störfum í kjölfar bréfs lærlinganna til útgefandans sé staðfesting á mikilvægi umfjöllunarinnar og réttlæti að auki birtingu fréttarinnar þar sem sagt sé frá upplifun lærlinganna af háttsemi stefnanda.

Stefnda vísar enn fremur til þess að í umfjölluninni sé ekki gengið lengra gagnvart stefnanda en nauðsynlegt hafi verið til að fjalla um málefnið sem eigi ótvírætt erindi til almennings. Sú setning sem krafist sé ómerkingar á sé höfð eftir viðmælanda sem njóti heimildarverndar og augljóst sé af umfjölluninni á undan og á eftir (sbr. fyrri umfjöllun um mat á ummælum í samhengi við heildarumræðu) að í frétt stefndu sé hvergi að finna staðhæfingu um að frásögn lærlinganna, þ.m.t. frásögnin sem krafist sé ómerkingar á, sé staðfest staðhæfing. Þá sé ljóst að brotthvarf stefnanda úr starfi sínu sem ritstjóri í kjölfar bréfs lærlinganna til útgefandans staðfesti frásagnir lærlinganna um háttsemi stefnanda og réttlæti að auki frásögn stefndu með þeim hætti sem hún hafi verið sett fram.

Áréttað er af hálfu stefndu að stefnandi hafi sjálfur verið upphafsmaður að opinberri umfjöllun um málið, en hann hafi birt pistil á facebook-síðu sinni áður en frétt stefndu var birt á vefsíðu blaðsins og blaðið borið í hús. Þar með hafi stefnandi veitt öðrum heimild til þess að fjalla einnig um málefnið á opinberum vettvangi. Stefnanda sé því ótækt að halda fram ómerkingar- og miskabótakröfum sínum nú. Stefnandi teljist sjálfur þátttakandi í opinberri umræðu um málið og jafnvel beinlínis upphafsmaður hennar. Að sama skapi megi benda á að stefnandi hafi fjallað um brotthvarf sitt úr ritstjórarstarfi hjá Reykjavík Grapevine í leiðara í blaðinu. Lærlingarnir hafi einmitt lýst óánægju sinni með þá frásögn í fréttinni í Stundinni. Því sé leiðari stefnanda að hluta til tilefni fréttarinnar í Stundinni og líta megi svo á að hann marki í raun upphaf máls þessa. Stefnandi geti ekki sjálfur fjallað um málið opinberlega en í kjölfarið bannað öðrum að taka þátt í þeirri umfjöllun. Með birtingu opins facebook-pistils hafi stefnandi enn útvíkkað mörk heimillar gagnrýni á hann sjálfan og að auki felist í pistli stefnanda viðurkenning á því að hann telji viðfangsefnið eiga erindi til almennings.

Með vísan til ofangreinds byggir stefnda á því að umfjöllun hennar sé endursögn úr opinberri umræðu sem ávallt sé heimil, jafnvel í slíkum tilvikum að blaðamaður telji líklegra að umfjöllunin sé ekki sannleikanum samkvæm. Með þátttöku stefnanda sjálfs í umræðunni, og með birtingu facebook-pistils síns, hafi stefnandi veitt að auki heimild til þess að ganga lengra við að upplýsa um hvað málið hafi snúist og í því skyni sé meira að segja viðurkenndur réttur til ónákvæmni.

Stefnda vísar til þess að tilgangur og megininntak ummællanna og umræðunnar sem ummælin hafi verið liður í hafi verið að vekja athygli á þeim þáttum í þjóðfélagsumræðunni sem fyrir séu nefndir. Í ummælunum felist ekki bein staðhæfing um að stefnandi hafi gerst sekur um þá háttsemi sem lærlingarnir gefi honum að sök, en að heimilt sé að segja frá því hvað þeir fullyrði að hann hafi gert og greina frá staðhæfingum þeirra og/eða gildisdómum um stefnanda. Ummælin falli þannig undir gildisdóm, ádeilu eða ályktun.

Stefnda kveðst hafa verið í góðri trú um sannleiksgildi ummællanna, hvort sem þau verði talin gildisdómar, ályktun, frásögn af gildisdómum eða staðhæfing um staðreynd. Við mat á góðri trú stefndu skuli litið til kringumstæðna allra, þ.m.t. leiðara stefnanda, facebook-pistils stefnanda sjálfs, umræðna í kjölfar þess pistils, sem og þeirrar staðreyndar að stefnandi hafi í kjölfar bréfs lærlinganna til útgefandans þurft að láta af störfum hjá Reykjavík Grapevine. Að auki hafi umfjöllunin verið orðuð á þann hátt að nægur varnagli hafi verið sleginn. Þess hafi m.a. verið gætt að taka ekki afstöðu til frásagnar lærlinganna um háttsemi stefnanda að öðru leyti en því að greina frá efni hennar.

Af hálfu stefndu er lögð áhersla á að hún er blaðamaður sem starfi hjá fjölmiðlinum Stundinni. Stefndu hafi ekki aðeins verið rétt heldur einnig beinlínis skylt að vernda heimildarmenn sína. Umræddir lærlingar hafi greint stefndu frá frásögn sinni og hafi í kjölfarið fulla vernd heimildarmanna, sbr. 25. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011. Stefndu sé þar með óheimilt að lögum að greina frá nöfnum þeirra, enda hafi viðmælendur stefndu óskað nafnleyndar. Af sömu ástæðum verði ekki að lögum fallist á þá áskorun stefnanda í stefnu að lögð verði fram gögn sem stafi frá, eða fjalli um, persónur heimildarmanna stefndu.

Stefnda mótmælir dráttarvaxtakröfu stefnanda, einnig varðandi upphafsdag. Hún mótmælir enn fremur kröfu stefnanda um birtingu forsendna og niðurstöðu dómsins og telur að sýkna beri hana af þeirri kröfu vegna aðildarskorts. Stefnda sé ekki ritstjóri á Stundinni og hafi ekkert ritstjórnarvald á miðlinum. Útgáfufélaginu Stundinni sé ekki stefnt í máli þessu. Ekki verði á það fallist að unnt sé með dómi að skylda stefndu til að láta tiltekna hluti birtast í fjölmiðlum og hvorki sé unnt að fallast á að slík dómkrafa rúmist innan 59. gr. fjölmiðlalaga né að fyrir slíkri niðurstöðu sé dómvenja.

Af hálfu stefndu er gerð athugasemd við að í stefnu sé fullyrt að stefnda beri refsíabýrgð á ummælunum. Í því sambandi tekur hún fram að enga refsikröfu sé að finna í stefnunni.

Stefnda mótmælir sérstaklega málskostnaðarkröfu stefnanda. Frétt sú sem mál þetta snúist um hafi birst fyrir heilu ári síðan og með málssókn sinni viðhaldi stefnandi sjálfur umfjöllun fjölmiðla um mál þetta. Með vísan til dóms Hæstaréttar Íslands í málinu nr. 103/2014 megi stefnanda að auki vera ljós réttarstaðan í máli þessu sem á alla lund teljist sambærileg þeirri sem þar hafi verið fjallað um. Athygli veki að á bls. 3 í stefnu sé fjallað um nafnleysi heimildarmanna stefndu. Síðan segi: „Slíkt [sic] vinnubrögð í blaðamennsku dæma sig sjálf“. Af þessu tilefni vísar stefnda til umfjöllunar í dómi Hæstaréttar Íslands í máli nr. 321/2008, þar sem sýknað hafi verið af ómerkingarkröfu þegar þannig háttaði til að unnt var að líta svo á að ummælin dæmdu sig sjálf.

Stefnda kveður kröfu sína um sýknu af miskabótakröfu stefnanda vera reista á sömu sjónarmiðum og rakin hafi verið. Skilyrðum almennu skaðabótareglunnar eða 26. gr. skaðabótalaga sé ekki fullnægt. Á því sé byggt að stefnandi hafi þegar sjálfur valdið eigin mannorði tjóni m.a. með facebook-pistli sínum. Þá mótmælir stefnda fjárhæð miskabótakröfunnar enda sé hún í engu samræmi við dómafordæmi.

Um lagarök vísar stefnda til framangreindra lagaákvæða og ákvæða í mannréttindasáttmála Evrópu, auk þess sem hún vísar til 19. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 10/1979. Varðandi málskostnaðarkröfuna vísar stefnda til 1. mgr. 130. gr. og 1. mgr. 131. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, en vegna greiðslu virðisaukaskatts sé vísað til laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

IV

Í máli þessu er krafist ómerkingar á ummælum sem birtust í frétt sem stefnda ritaði og birtist bæði í prentaðri útgáfu Stundarinnar og vefútgáfu ritsins 18. febrúar 2016. Enn fremur er þess krafist að stefnda greiði stefnanda miskabætur og að niðurstaða dómsins verði birt í Stundinni. Krafa um ómerkingu ummælanna er aðallega reist á því að þau feli í sér ærumeiðandi aðdróttun samkvæmt 235. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en til vara að þau séu ærumeiðandi móðgun samkvæmt 234. gr. sömu laga. Því beri að ómerkja ummælin á grundvelli 1. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga. Stefnandi styður miskabótakröfuna við b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Ágreiningslaust er að stefnda er réttur aðili að málinu, enda ber hún ábyrgð á efni fréttarinnar með vísan til a-liðar 1. mgr. 51. gr. laga nr. 38/2011, um fjölmiðla.

Í 235. gr. almennra hegningarlaga segir að drótti maður „að öðrum manni einhverju því, sem verða myndi virðingu hans til hnekkis, eða bera slíka aðdróttun út“, varði það sektum eða fangelsi allt að einu ári. Í 234. gr. sömu laga kemur fram að hver sem meiði „æru annars manns með móðgun í orðum eða athöfnum, og hver, sem ber slíkt út“, skuli sæta sömu refsingu. Samkvæmt 1. mgr. 241. gr. má dæma í meiðyrðamáli óviðurkvæmileg ummæli ómerk ef þess er krafist af þeim sem misgert var við.

Samkvæmt b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga er heimilt að láta þann, sem ábyrgð ber á ólögmati meingerð gegn frelsi, friði, æru eða persónu annars manns, greiða miskabætur til þess sem misgert var við.

Þegar orð eru látin falla á opinberum vettvangi þar sem vegið er að æru manns felur það í sér skerðingu á friðhelgi einkalífs hans sem varin er af 71. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944, sbr. einnig 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. 1. gr. laga nr. 62/1994. Framangreind ákvæði almennra hegningarlaga og skaðabótalaga miða að því að verja þau réttindi og rétta hlut þess sem misgert er við. Á sama tíma á hver maður rétt á því að láta í ljós hugsanir sínar, sbr. 2. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar, en verður að ábyrgjast þær fyrir dómi. Má aðeins setja tjáningarfrelsinu skorður með lögum í þágu tiltekinnna hagsmuna, þ. á m. vegna réttinda eða mannorðs annarra, enda teljist þær nauðsynlegar og samrýmist lýðræðishefðum, sbr. 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar.

Skilja verður málalíbúnað stefnanda á þann veg að með þeim ummælum, sem krafist er að verði ómerkt, telji hann að stefnda hafi farið út fyrir mörk tjáningarfrelsis síns og brotið gegn æruvernd stefnanda. Stefnda telur ummælin hafa verið innan þeirra marka og því sé ekki unnt að fallast á kröfur stefnanda. Lýtur ágreiningur aðila þannig að því hvar eigi að draga mörkin milli tjáningarfrelsis stefndu annars vegar og þeirra réttinda sem felast í æruvernd stefnanda og friðhelgi einkalífs hans hins vegar og hvorum megin hryggjar ummælin falli.

Við þetta mat þarf að hafa í huga að ummælin birtust í frétt í fjölmiðli og að stefnda er blaðamaður. Fjölmiðlar gegna mikilvægu hlutverki í lýðræðissamfélagi við miðlun upplýsinga og skoðana um þjóðfélagsleg málefni. Almennur á rétt á því að fá slíkar upplýsingar, jafnvel þótt þær kunnist að stuða eða móðga þá sem þær fjalla um. Því verða sérstaklega ríkar ástæður að vera fyrir hendi til þess að skerðing á frelsi fjölmiðla í því efni geti talist nauðsynleg í lýðræðisþjóðfélagi.

Ummælin sem höfð voru eftir „Emmu“ í fréttinni fela í sér staðhæfingu um háttsemi stefnanda sem felur í sér ásökun um kynferðisbrot sem varðað getur við 199. gr. almennra hegningarlaga. Þau eru til þess fallin að vera ærumeiðandi fyrir stefnda. Við mat á því hvort að með ummælunum hafi verið gengið lengra en

tjáningarfrelsið leyfir verður að veða þau meðal annars í ljósi þess hvort efni fréttarinnar og hin umdeildu ummæli geti talist þáttur í þjóðfélagslegri umræðu og eigi því erindi til almennings, að hverjum ummælin beinast og aðdraganda þess að þau falla, inntaki þeirra í heildarsamhengi umfjöllunarinnar, hvernig þau eru fram sett og hvort stefnda hafi fylgt viðeigandi verklagi við vinnslu fréttarinnar.

Ummælin komu fram í umfjöllun þar sem því var haldið fram að yfirmaður hafi þurft að víkja úr starfi eftir að þrír undirmenn hans höfðu sakað hann um kynferðislega áreitni. Sú umfjöllun tengist almennri þjóðfélagsumræðu, sem hefur verið áberandi síðustu ár, um þá erfiðleika sem þolendur kynferðisofbeldis geta af ýmsum ástæðum átt með að stíga fram og tilkynna um brotið. Umfjöllunin, þar á meðal lýsing á efni þeirra ásakana sem undirmennirnir báru á stefnanda, var því liður í þjóðfélagslegri umræðu og átti erindi til almennings.

Sú ásökun sem birtist í ummælunum beinist að stefnanda en hann er ekki opinber persóna. Hann gegndi eftir sem áður áberandi starfi við stjórn fjölmiðils og var yfirmaður á vinnustaðnum. Hann hafði sjálfur vakið athygli á starfslokum sínum í leiðara í Reykjavík Grapevine í byrjun febrúar 2016, þar sem hann lét í það skína að starfslok hans ættu alfarið rætur að rekja til vilja hans til að hætta. Samkvæmt því sem segir í fréttinni í Stundinni virðast þessi opinberu ummæli stefnanda að nokkru leyti vera kveikjan að því að konurnar stigu fram og sögðu sína hlið á því máli.

Ummælin sem ómerkingarkrafan beinist að fela eins og áður segir í sér lýsingu á háttsemi sem einn af fyrrgreindum undirmönnum stefnanda hafði borið á hann og konurnar töldu hafa leitt til starfsloka hans. Samkvæmt því sem fram hefur komið fyrir dómi, til að mynda í skýrslu Jóns Trausta Sigurðarsonar fyrir dómi, þykir upplýst að starfslokum stefnanda hafi verið flýtt vegna þessara ásakana. Að því leyti er umfjöllunin, sem ummælin eru í, rétt. Hins vegar liggur ekki fyrir að stefnandi hafi verið kærður fyrir hið ætlaða brot, hvað þá að ákæra hafi verið gefin út og dómur fallið. Stefnda hefur ekki lagt fram neinar upplýsingar undir rekstri málsins sem geta skotið stoðum undir þær ásakanir sem fram koma í ummælunum. Í því efni verður þó að líta til þess að heimildarmenn stefndu hafa óskað eftir því að njóta nafnleyndar, sbr. 25. gr. laga nr. 38/2011, um fjölmiðla, sbr. einnig a-lið 2. mgr. 53. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála. Stefnda hefur því ekki lagt fram nein gögn sem geta bent til þess hverjir eigi í hlut og getur ekki leitt konurnar fyrir dóm.

Í þessu sambandi er þó rétt að hafa í huga að í fréttinni er hvergi staðhæft að stefnandi hafi gerst sekur um þá háttsemi sem lýst er í ummælunum sem málið lýtur að. Þau eru eins og áður segir frásögn sem kemur fram í bréfi heimildarmanns stefndu sem leitt hafði til þess að hann varð að hætta störfum fyrr en ella. Lýsingin

á háttseminni var höfð innan gæsalappa án þess að mat væri lagt á sannleiksgildi ásakananna. Í fréttinni er einnig tekið fram að leitað hafi verið afstöðu stefnanda til þeirra og haft eftir honum að hann vísi þeim alfarið á bug og að þær eigi sér enga stoð í raunveruleikanum.

Ekki liggur annað fyrir en að stefnda hafi fylgt eðlilegu verklagi í fréttamennsku við vinnslu fréttarinnar. Hún ræddi við tvo heimildarmenn og hafði undir höndum tvö af þeim þremur bréfum sem bárust útgáfu Reykjavík Grapevine. Þá segir í fréttinni að stefnda hafi séð önnur samskipti konunnar við stefnanda og að hún hafi fengið staðfestingu frá Stígamótum um að hún hafi leitað þangað. Að lokum leitaði hún upplýsinga frá útgáfufyrirtæki Reykjavík Grapevine um hvort bréfin hefðu borist og valdið því að stefnandi hafi látið af starfi ritstjóra.

Þegar litið er til framangreindra atriða og þau metin heildstætt, einkum að teknu tilliti til þess erindis sem fréttin átti til almennings, framsetningar hennar og aðdraganda, auk vinnubragða stefndu við gerð fréttarinnar, telur dómurinn að með hinum umstefndu ummælum hafi stefnda ekki farið út fyrir mörk leyfilegrar tjáningar í fjölmiðlum samkvæmt 73. gr. stjórnarskrárinnar. Því ber að hafna öllum kröfum stefnanda.

Með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, verður stefnanda gert að greiða stefndu 800.000 krónur í málskostnað að teknu tilliti til umfangs málsins og reksturs þess fyrir dómi.

Ásmundur Helgason héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð:

Stefnda, Áslaug Karen Jóhannsdóttir, er sýkn af kröfum stefnanda, Hauks S. Magnússonar.

Stefnandi greiði stefndu 800.000 krónur í málskostnað.

Ásmundur Helgason (sign.)